

Nd.

469. Breytingartillaga

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutnings.n.: Jörundur Brynjólfsson og Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir 51. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.